

1

Fyrirspurn - Viðbrögð vegna áforma um stækkun

Eigendur einbýlishússins, að Hraunbraut 24, vilja kanna viðbrögð Kópavogsbæjar gagnvart áformum þeirra um að breyta byggingarhluta neðri hæðar, sem opinn er að hluta, yfir í lokað fullklárað rými með 2 herbergjum, baðherbergi, og sjónvarpsholi.

Hraunbraut 24 er staðsteypt einbýlishús er samanstendur af tveimur hæðum ásamt bílskúr, byggt árið 1968, og hannað af Kjartani Sveinssyni. Húsið er byggt í hlíð, neðan Hraunbrautar, og er efri hæðin í götuhæð. Efri hæðin skagar fram yfir neðri hæðina, í hlíðinni, og er hluta hennar haldið uppi með steyptum súlum. Fyrirspurnin fjallar um að loka þessum hluta og gera að fullkláruðu rými.

Tilgangur eigenda með breytingum:

- + Bæta við 2 nýjum herbergjum til að mæta þörf heimilisins fyrir sérherbergjum fyrir börnin og heimaskrifstofum.
- + Bæta skipulag og flæði neðri hæðar. Er í dag öll á lengdina.
- + Loka köldu rými, undir efri hæð, til að auka varmarýmd byggingarhluta og lækka orkunotkun.

2

Lýsing á framkvæmd

Framkvæmdin felur í sér að stækka neðri hæð hússins með því að loka opnu rými undir hluta efri hæðar, sjá grænt svæði á mynd 1, með steyptum útveggjum og gluggum í svipuðum stíl og eru upprunalegir í húsinu. Útlit verður látið falla að arkitektúr hússins og líta út sem rýmið hafi ávalt verið lokað og fullklárað frá upphafi.

Breyting hússins verður að öllu innan núverandi byggingarreits og mun ekki skaga framfyrir eða uppfyrir núverandi byggingarhluta. Breytingin verður öll undir húsinu og munu byggingarhlutar ekki skyggja á nálægar lóðir né vera sýnilegir frá götu. Sambærilegar breytingar hafa átt sér stað á húsum á Hraunbraut, nú síðast árið 2002, þegar núverandi eigendur að Hraunbraut 22 framkvæmdu stækkun neðri hæðar hússins.

3

Núverandi útlit


Suður




Vestur





Norður



Austur



Útlit eftir breytingu



Hraunbraut 24, 200 Kópavogi

Eigendur:
Guðlaugur Skúli Guðmundsson
Elizabeth Sargent
skuli_gudmundsson@outlook.com, s.898-8175
kópavogi þann 10.01.2022



Mynd 1 - Mörk breytinga sýnd með grænum útlínunum

4

Stærðir

Hraunbraut 24, 200 Kópavogi

Landnúmer=114954, Staðgreinir=1000-1-42400240

Stærð lóðar: 749m²

Fyrirhuguð stækkun: 72.2m²

	Núverandi stærð	Eftir stækkun
Íbúð	267,9m ²	340.1m ²
Bílskúr	25,7m ²	25,7m ²
Samtals	293,3m ²	365.8m ²

Nýtingarhlutfall 0,39 0,49

Nýtingarhlutfall húsa á Hraunbraut: 0.17-0.62

Nýtingarhlutfall einbýlishúsa í 300m radius: 0.09-0.63

5

Yfirlitsmynd lóðar

